

## Úrskurður áfrýjunardómstóls KSÍ

Ár 2011, mánudaginn 4. júlí 2011, kl. 10,00, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Lúðvíks Arnar Steinarssonar, Skólavörðustíg 12, Reykjavík, af Lúðvík Erni Steinarssyni, Brynjari Níelssyni og Guðmundi Péturssyni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 1/2011

Knattspyrnufélagið Fram f.h. Marteins Arnarssonar

gegn

Aga og úrskurðarnefnd K.S.Í.

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

### dómur

#### I

Mál þetta dæma Lúðvík Örn Steinarsson, Brynjar Níelsson og Guðmundur Pétursson.

Hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp þann 21. júní sl. Úrskurðarorð hins áfrýjaða úrskurðar er svohljóðandi:

„Leikmanninum er því óheimil þátttaka í öllum opinberum mótum innan vébanda KSÍ frá 21. júní 2011 til og með 30. ágúst 2011“.

Áfrýjandi krefst þess að hinn kærði úrskurður verði endurskoðaður.

Stefndi krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Samkvæmt gr. 8.2. í reglugerð um áfrýjunardómstól KSÍ skulu ný gögn ekki lögð fyrir dómin, né skulu þar fara fram vitna- og aðilaskýrslur, en dóminum er þó veitt heimild til þess að víkja frá þessum reglum.

Eins og mál þetta er vaxið telur dómurinn að ekki séu efni til þess hér að frá nefndri meginreglu verði vikið.

#### II.

Helstu málavextir eru þeir að þann 15. júní 2011 fór fram leikur í B. riðli 2. flokks karla á Framvelli í Reykjavík á milli Fram og ÍR/Léttis. Úrslit leiksins urðu 1-2, ÍR/Létti í vil.

Samkvæmt skýrslu dómara leiksins, Þorleifs Andra Harðarsonar, gaf hann Marteini Arnarssyni, leikmanni nr. 23 í Fram, beint rautt spjald fyrir grófan munnsöfnuð. Síðan segir í skýrslu dómarans að leikmaðurinn hafi haldið áfram með grófan munnsöfnuð þegar rauða spjaldið fór á loft, en dómari leiksins fór útfyrir völlinn til að skrá hjá sér það sem fram fór. Þá segir í skýrslu dómarans: „... en hann elti mig og kemur og lemur í mig og kýlir mig með báðum í bringu og axlir þetta var árás en þá komi liðsfélagar hans og tóku hann frá...“

Skýrsla dómarans var tekin fyrir á fundi Aga og úrskurðarnefndar þann 21. júní sl. og leikmaðurinn dæmdur í 10 vikna keppnisbann frá og með 21. júní 2011, með stoð í grein 13.1.5. í reglugerð KSÍ um aga og úrskurðarmál, sem heimilar refsingu af því tagi sem hér um ræðir í alvarlegum eða ítrekuðum brotum.

### III.

Röksemdir áfrýjanda í áfrýjun hans lúta helst að því að atvikalýsing í skýrslu dómarans hafi verið orðum aukin og fer áfrýjandi fram á sönnun þess efnis í formi áverkavottorðs eða því um líkt.

Samkvæmt grein 6.1. í reglugerð KSÍ um aga og úrskurðarmál skal nefndin úrskurða um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og það hefur nefndin gert í máli þessu. Ekki er fallist á að einhver sérstök rannsóknar- eða gagnaöflunarskylda hvíli á nefndinni eða áfrýjunardómstólnum, þ.m.t. að kalla eftir áverkavottorðum.

Í grein 6.2. í tilvitnaðri reglugerð eru ákvæði um að leikmaður sem fær brottvísun hafi heimild til athugasemda við brottvísunina innan sólarhrings frá því leik lýkur.

Ágreiningslaust er í máli þessu að það var ekki gert, en ábyrgð á því er alfarið leikmanns þess sem hlut á að máli hverju sinni.

Kröfu sína um mildun úrskurðarins er studd þeim rökum að úrskurðurinn sé í ósamræmi við úrskurði í svipuðum málum.

Ekki verður þó röksemdakafli áfrýjunarinnar túlkaður á annan hátt en þann að áfrýjandi viðurkenni, a.m.k. í öllum meginatriðum þá atburðarrás sem leiddi til hins umþætta leikbanns, en gerir hins vegar athugasemdir við nánari lýsingar dómarans á atvikinu.

### IV.

Að öllu framansögðu er það niðurstaða dómsins að fallist er á það með Aga og úrskurðarnefnd KSÍ að háttsemi áfrýjanda í umræddum leik hafi verið með þeim hætti að rétt sé að setja áfrýjanda í tímabundið leikbann, með vísan til greinar 13.1.5. í reglugerð Aga og úrskurðarnefndarinnar.

Það er skoðun áfrýjunardómstólsins að refsing áfrýjanda hafi verið hæfilega ákveðin í úrskurði Aga og úrskurðarnefndar KSÍ og því ber að staðfesta hana.

**Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

  
Lúðvík Örn Steinarsson

  
Brynjar Níelsson

  
Grömundur Pétursson